

Ertu handritshöfundur, leikskáld eða þýðandi?

RSÍ er stéttarfélagið þitt!

Rithöfundasamband Íslands – bandalag skrifandi stétta

RSÍ – stéttarfélag allra rithöfunda

Ef þú ert handritshöfundur, leikskáld eða þýðandi þá er Rithöfundasamband Íslands stéttarfélagið þitt. Við hvetjum alla starfandi handritshöfunda, leikskáld og þýðendur sem uppfylla inntökuskilyrði RSÍ til að leggja sitt af mörkum og slást í sístækkandi hóp öflugra félagsmanna.

Rétt á félagsaðild eiga rithöfundar sem birt hafa tvö verk og geta það verið handrit eða leikrit sem sviðsett hafa verið í leikhúsi eða sjónvarpi, flutt í hljóðvarpi eða kvikmynduð (frumsamin eða þýdd), bókmenntaverk, fræðirit eða annað efni sem inntökunefnd metur fullnægjandi til inngöngu. Sjónvarpsþýðendur sem hafa þýðingar að aðalstarfi eiga einnig rétt á félagsaðild.



GERAST FÉLAGI

Styrkir og sjóðir félagsmanna – fylgist vel með!

RSÍ rekur Höfundasjóð en úr honum eru árlega veittir verkefnatengdir starfsstyrkir og ferðastyrkir til utanlandsferða. RSÍ er stofnaðili og aðildarfélag að Innheimtumiðstöð gjalda (IHM) og úthlutar þeim hlut sem tilheyrir ritlistinni einstaklingsbundið til rétthafa. Tekjum úr IHM er úthlutað eftir réttindum til handritshöfunda, leikskálda og þýðenda sem eiga íslenskt leikið efni sent út í útvarpi eða sjónvarpi. Búist er við að úthlutanir úr IHM verði hærri næstu árin en þær hafa verið undanfarin ár og mikilvægt er að allir sem rétt eiga á úthlutun fylgist með og sækji um. Umsóknarfrestur er auglýstur árlega í miðlum RSÍ og dagblöðum. Þeir sem vilja fylgjast með umsóknarfresti en eru ekki félagsmenn í RSÍ geta skráð sig á sérstakan póstlista með því að senda póst á tinna@rsi.is.



Höfundasjóður

Samningar – aðstoð á skrifstofu RSÍ

Lögfræðingur RSÍ er Sigríður Rut Júlíusdóttir hrl. Allir félagsmenn eiga rétt á gjaldfrjálsri ráðgjöf hennar eftir nánar ákveðnum reglum. Mikilvægt er að félagsmenn sem þurfa að gera aðra samninga en hefðbundna heildarsamninga, t.a.m. option-, purchase- eða handritasamninga, leiti aðstoðar á skrifstofu RSÍ. Slíkir samningar eru flóknir og að mörgu að huga við gerð þeirra. Skrifstofan vísar þeim áfram á lögmann RSÍ sem les slíka samninga yfir og aðstoðar við gerð þeirra en RSÍ greiðir kostnaðinn f.h. sinna félagsmanna.

Framkvæmdastjóri RSÍ er Ragnheiður Tryggvadóttir og býr hún yfir mikilli sérþekkingu á mál-efnum höfunda eftir áratuga starf við réttindamál, samningamál og samskipti við stjórnvöld, stofnanir og samtök. Verkefnisstjóri RSÍ er Tinna Ásgeirsdóttir og stýrir hún verkefnum á borð við Skáld í skólum, Höfundasjóði og málefnum handritshöfunda. Öll ráðgjöf sem skrifstofa RSÍ veitir stendur félagsmönnum til boða endurgjaldslaut. Skrifstofan hefur aðsetur sitt í Gunnarshúsi á Dyngjuvegi 8 og er opin 10-14 alla virka daga. Höfundum velkomið að leita þangað með fyrirspurnir um hvaðeina sem tengist ritstörfum og réttindum höfunda.

 **Lög og reglur**

 **Option- og purchase-samningar**

 **Handritasamningar**

Fréttamiðlar RSÍ

Miðlar RSÍ eru mikilvæg upplýsingaveita fyrir félagsmenn. Á heimasíðu RSÍ liggja fyrir upplýsingar um helstu starfsemi félagsins, samninga og taxta, þjónustu við félagsmenn, lög og reglur um höfundarétt, gestaíbúðir erlendis og á Íslandi og upplýsingar um sjóði og styrki sem standa höfundum til boða sem og ýmislegt annað.

Í fréttaveitu á heimasíðu RSÍ og facebook-síðu eru birtar helstu fréttir af starfsemi félagsins en auk þess fá félagsmenn í RSÍ reglulega upplýsingar í tölvupósti um alla þjónustu og tilboð á vegum félagsins, mikilvæga viðburði, námskeið og upplýsingar um erlenda og innlenda styrki, sjóði og dvalarsetur. Minnt er tímanlega á alla helstu umsóknarfresti sem starfandi rit- höfundar mega ekki láta fram hjá sér fara.

 **Heimasíða**

 **Facebook-síða**

Gunnarshús og skáldaskjólin

Rithöfundasamband Íslands hefur aðsetur í Gunnarshúsi við Dyngjuveg 8 og þar fer fram lífleg starfsemi á vegum sambandsins og félagsmanna. Húsið er vinsæll funda- og viðburðastaður og stendur félagsmönnum til boða endurgjaldslaut fyrir fundi, fyrirlestra, málþing, höfundakvöld og aðrar fagsamkomur. Auk þess geta félagsmenn gegn vægu gjaldi leigt húsið fyrir einkasamkvæmi. Í Gunnarshúsi eru einnig fjórar vinnustofur sem leigðar eru út til félagsmanna allt árið og allir félagsmenn geta sótt um.

RSÍ á einnig og rekur tvö skáldaskjól fyrir félagsmenn fjarri skarkala borgarinnar, Sléttaleiti í Suðursveit og Norðurbæ á Eyrarbakka, og nýttast þau líka sem sumar- og orlofshús rithöfunda. Auk þess er félagið í samstarfi við sveitarfélög og félagasamtök og hefur milligöngu um vinnu- aðstöðu fyrir höfunda víðs vegar um landið sem erlendis.

 **Gunnarshús**

 **Funda- og samkomusalur** |  **Vinnustofur**

 **Norðurbær** |  **Sléttaleiti** |  **Gestaíbúðir**

Félagsskírteinið – afsláttur og réttindi

Félagsskírteini RSÍ veitir félögum öll félagsleg réttindi RSÍ svo sem lagalega aðild að samningum RSÍ við Ríkisútvarp, hljóðvarp og sjónvarp, Félag íslenskra bókaútgefenda, Þjóðleikhús, Leikfélag Reykjavíkur og Leikfélag Akureyrar, Bandalag íslenskra leikfélaga, Námsgagnastofnun og Hljóðbókasafnið.

Félagsmönnum bjóðast einnig ýmsir afslættir og tilboð hjá samstarfsaðilum RSÍ gegn framvísun félagsskírteinis. Skírteininu fylgja þau fríðindi að geta keypt tvo miða hjá Þjóðleikhúsinu á kr. 1000.- miðann eftir klukkan 16 samdægurs. En hjá Leikfélagi Reykjavíkur fær hver félagsmaður einn miða á kr. 1000.-. Félagar fá auk þess 25% afslátt af miðum í Bíó Paradís, 20% afslátt af passa á kvikmyndahátíðina Stockfish, 15% afslátt í öllum verslunum Pennans – Eymundsson, Iðu og Máli og menningu og 10% afslátt hjá Prentvörum, Skútuvogi 1.

 **Félagsskírteini**

Bandalag skrifandi stétta – sameinuð stöndum við

RSÍ hefur allt frá stofnun sambandsins lagt áherslu á að semja um réttindi og kjör höfunda og gerir m.a. heildarsamninga fyrir hönd félagsmanna við leikhúsin, RÚV, Félag íslenskra bókaútgefenda, Menntastofnun og Hljóðbókasafn og veitir upplýsingar og ráðgjöf um gerð annarra samninga, m.a. option-, purchase- og handritasamninga. Frá upphafi hefur félagið starfað sem stéttarfélag allra rithöfunda og þótt rekja megi uppruna félagsins allt til ársins 1928 þá má þakka öll núverandi réttindi rithöfunda sameiningu þeirra í eitt stórt samband árið 1974. Í kjölfarið fengu rithöfundar mátt hinna mörgu til samstöðu og réttindabaráttu sem hefur skilað sér í breiðfylkingu sem starfar á traustum grunni.

Meginverkefni sambandsins er að verja starfsumhverfi rithöfunda og stendur félagið vörð um höfundarétt og fylgist grannt með öllum lagabreytingum sem hafa áhrif á hann ásamt því að sinna kjaramálum höfunda og verja alla almenna hagsmuni íslenskra rithöfunda. Í RSÍ eru um 500 félagsmenn af ýmsum toga og allir eiga þeir sameiginlegt að skrifa fyrir ýmsa miðla. Félagsmenn skrifa kvikmyndahandrit, leikverk, ljóð, sjónvarpshandrit, þýðingar, hljóðlistaverk, skáldsögur, smásögur, barnabækur, fræðibækur, heimildarit og gjörninga svo fátt eitt sé upp talið. Rithöfundar skrifa fyrir sífellt fleiri miðla og eitt af verkefnum RSÍ er að vinna að hagsmunum félagsmanna á nýjum vettvangi hverju sinni. RSÍ fylgist því grannt með öllum breytingum og er sífellt að leita nýrra leiða til að bæta hag og kjör höfunda.

 **Heimasíða RSÍ**

 **Samningar og taxtar**

 **Option- og purchase-samningar**

 **Handritasamningar**

Vertu velkomin/n í RSÍ!

Ef þú ert handritshöfundur, leikskáld eða þýðandi þá er Rithöfundasamband Íslands stéttarfélagið þitt. RSÍ getur gert fjölmargt fyrir þig en þú getur líka lagt RSÍ lið. Með því að tilheyra og taka þátt í stórum hagsmunasamtökum fagfólks stuðlar þú að samstöðu og gefur samninga-fulltrúum þínum slagkraft og styrk. Félagsmenn eru hvattir til að taka virkan þátt í starfinu því öflug grasrótavinna á öllum sérsviðum styrkir innviði og markar stefnu. Vertu velkomin/n í hópinn!

 **GERAST FÉLAGI**